

**SKÝRSLA**  
**ÖRORKUNEFNDAR**  
**LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA**

**Febrúar 2004**

### **Inngangur:**

Á stjórnarfundum Landssamtaka lífeyrissjóða þann 9. maí 2003 skipaði stjórnin sérstaka starfsnefnd til að fjalla um örorkulífeyrismál sjóðanna. Nefndin var þannig skipuð: Arnar Sigurmundsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, sem var formaður nefndarinnar, Árni Guðmundsson, Lífeyrissjóði sjómanna, Haukur Hafsteinsson, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Lífeyrissjóðnum Framsýn. Með nefndinni starfaði framkvæmdastjóri LL, Hrafn Magnússon.

Segja má að tildrög þessarar nefndarskipunar megi rekja til þess að þann 23. apríl 2003 barst Landssamtökum lífeyrissjóða erindi frá Lífeyrissjóði sjómanna, þar sem þess var farið á leit við samtökin að þau beiti sér fyrir því að fundin verði lausn á því vandamáli að hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna sé og verði mjög mismunandi milli lífeyrissjóða. Í bréfinu kom fram að miklar örorkulífeyrisgreiðslur Lífeyrissjóðs sjómanna séu verulegt áhyggjuefni, en hátt hlutfall örorkulífeyris hjá sjóðnum hafi verið nánast óbreytt í mörg ár. Ljóst sé að það gangi ekki til lengdar að nokkrir lífeyrissjóðir þurfi að greiða allt að helmingi lífeyrisgreiðslna í örorkubætur á meðan þetta hlutfall hjá öðrum sjóðum sé að jafnaði 15-20%.

### **Störf nefndarinnar:**

Starfsnefnd LL um örorkumál hélt 10 fundi á tímabilinu 15. maí 2003 til 3. febrúar 2004. Auk þess efndi nefndin til ráðstefnu um örorkulífeyrismálin í Viðey þann 25. nóvember sl. Á ráðstefnuna mættu fulltrúar stærstu lífeyrissjóðanna, auk sérfræðinga sem mætt höfðu á fundi nefndarinnar.

Eftirfarandi voru kallaðir á fundi nefndarinnar til skrafs og ráðagerða:

- Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur.
- Bjarni Þórðarson, tryggingafræðingur.

- Guðjón Hansen, tryggingafræðingur.
- Gunnar Guðmundsson, endurhæfingarlæknir.
- Jóhannes Siggeirsson, framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins.
- Júlíus Valsson, gígtarlæknir og trúnaðarlæknir margra lífeyrissjóða.
- Kári Arnór Kárasón, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Norðurlands.
- Margeir Daníelsson, framkvæmdastjóri Samvinnulífeyrissjóðsins.
- Matthildur Hermannsdóttir, framkvæmdastjóri Greiðslustofu lífeyrissjóða.
- Vigfús Ásgeirsson, tryggingafræðingur.
- Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.
- Örn Arnþórsson, skrifstofustjóri Lífeyrissjóðsins Framsýnar.

Á fyrsta fundi nefndarinnar þann 15. maí 2003 voru nefndarmenn sammála um nauðsyn þess að kortleggja þyrfti örorkulífeyrismál lífeyrissjóðanna, m.a. með samanburði á reglum sjóðanna varðandi skilyrði til töku örorkulífeyris, um örorkulífeyrisbyrði einstakra lífeyrissjóða, ástæður orkutaps o.þ.h.

Örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna hafa aukist mjög mikið á undanförunum árum og námu samtals 4.260 m.kr. á árinu 2002 og eru þá ótaldar barnalífeyrisgreiðslur vegna örorkulífeyris og sá hluti ellilífeyris, sem beinlínis má tengja framreikningi réttinda vegna örorkulífeyris. Örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna námu um 3.800 m.kr. árið 2001, tæplega 3.400 m.kr. árið 2000 og 3.100 m.kr. árið 1999. Tölur vegna síðasta árs liggja ekki fyrir en áætla má að lífeyrissjóðirnir hafi greitt í örorkulífeyri um 4.600 m.kr. á árinu 2003. Hér er því um mikinn vöxt að ræða, að meðaltali um 8% til 10% raunaukningu milli ára. Upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins benda einnig eindregið til þess að um verulega aukningu sé að ræða varðandi fjölda umsókna um örorkulífeyri hjá almannatryggingum.

Eflaust eru margar skýringar á aukningu á örorkulífeyrisgreiðslum sjóðanna. Nærtækasta skýringin er auðvitað sú að réttindaávinnsla í lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði hefur aukist mikið á umliðnum árum og þá sérstaklega á

árunum 1990 til 2000, þegar iðgjaldastofninn breyttist þannig, að tekin voru iðgjöld af heildarlaunum í stað dagvinnulauna áður. Áunnin lífeyrisréttindi örorkulífeyrisþega eru því mun meiri nú en áður. Ýmsar aðrar ástæður veða líka þungt. Þannig er augskýtlega um að ræða almenna viðhorfsbreytingu almennings til örorkulífeyris. Nú þykir ekki tiltökumál að fara á örorku, eins og það er kallað. Almennigur er líka almennt betur meðvitaður um hugsanlegan rétt sinn, en einnig hefur atvinnuástandið á hverjum tíma mikið að segja. Þannig eru bein tengsl á milli aukins atvinnuleysis og vaxandi örorkulífeyrisbyrði sjóðanna, sérstaklega þegar um er að ræða langvarandi atvinnuleysi. Þá er líka stundum “of auðvelt” að fá örorkumat og á það bæði við hjá Tryggingastofnun ríkisins og hjá lífeyrissjóðunum.

Starfsnefndin skoðaði sérstaklega hvernig hin aukna örorkulífeyrisbyrði skiptist á milli lífeyrissjóðanna. Á árinu 2002 var örorkulífeyrir sem hlutfall af heildarlífeyrisgreiðslum sjóðanna að meðaltali um 16,5%. Ef athugaðir eru lífeyrissjóðir með ábyrgð launagreiðenda kemur hins vegar í ljós að örorkubyrðin er einungis 4,8%. Skýringin liggur aðallega í því að t.d. hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins á sér ekki stað framreikningur örorkulífeyris nema rekja megi orkutapið til starfs sjóðfélagsins. Slík regla gildir hins vegar ekki í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þar sem um sambærilegan framreikningsrétt er að ræða og hjá lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði. Meginþungi í örorkulífeyrisbyrði sjóðanna liggur hjá lífeyrissjóðum án ábyrgðar launagreiðenda eða 26,5% af heildarlífeyri á árinu 2002. Ef sautján lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði eru skoðaðir sérstaklega má fullyrða að örorkulífeyrisbyrðin liggur fyrst og fremst hjá lífeyrissjóðum landverkafólks og sjómanna. Í ljós kom að fjórir sjóðir eru með hlutfall **örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum** á bilinu 40% til 45% og sjö sjóðir eru með hlutfallið á bilinu 30% til 40%. Þetta sést best í meðfylgjandi töflu:

**Hlutfall örorkulífeyris af heildarlífeyrisgreiðslum:**

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>2002</i>	<i>2001</i>
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	44,8%	44,7%
Lífeyrissjóður Austurlands	43,9%	45,0%
Lífeyrissjóður sjómanna	43,0%	43,0%
Lífeyrissjóður Suðurlands	41,8%	39,4%
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	38,7%	38,9%
Lífeyrissjóður Suðurnesja	38,6%	39,5%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	38,3%	37,7%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	37,0%	37,1%
Lífeyrissjóður Vesturlands	32,8%	33,7%
Lífeyrissjóður Norðurlands	32,4%	31,8%
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	30,3%	30,3%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	29,3%	30,0%
Lífeyrissjóður Rangæinga	28,6%	27,6%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	25,4%	24,5%
Lífeyrissjóður bænda	17,7%	18,0%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	17,6%	17,3%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	14,8%	15,8%

Allan samanburð milli sjóða verður að taka með nokkrum fyrirvara. Þannig getur aldurssamsetning sjóða skekkt myndina, ef um háa ellilífeyrisbyrði er að ræða.

Ef við skoðum hins vegar hlutfall **örorkulífeyris af iðgjaldatekjum**, þá kemur í ljós að sex sjóðir eru með örorkulífeyrisgreiðslur á bilinu 21,3% til 26,6% af iðgjaldatekjum og sjö lífeyrissjóðir eru með hlutfallið á bilinu 15,1% til 19,6%. Þetta kemur betur í ljós í meðfylgjandi töflu:

**Hlutfall örorkulífeyris af iðgjaldatekjum:**

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>2002</i>	<i>2001</i>
Lífeyrissjóður bænda	26,6%	25,7%
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	24,6%	21,6%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	24,1%	23,4%
Lífeyrissjóður sjómanna	22,5%	22,2%
Lífeyrissjóður Suðurnesja	22,0%	22,0%
Lífeyrissjóður Suðurlands	21,3%	18,0%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	19,6%	18,2%
Lífeyrissjóður Vesturlands	19,6%	18,3%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	19,4%	22,5%
Lífeyrissjóður Norðurlands	19,1%	17,7%
Lífeyrissjóður Austurlands	18,4%	18,6%
Samvinnulífeyrissjóðurinn	15,4%	15,4%
Lífeyrissjóður Rangæinga	15,1%	9,0%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	9,9%	8,6%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	7,7%	6,3%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	7,0%	7,0%
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	4,8%	3,8%

Ef lífeyrissjóðunum er gefið vægi eftir örorkulífeyrisbyrði sem hlutfall af heildarlífeyri og iðgjaldatekjum, kemur í ljós að örorkubyrðin er þyngst hjá Lífeyrissjóði Vestmannaeyja, Lífeyrissjóði sjómanna, Lífeyrissjóði Bolungarvíkur, Lífeyrissjóði Suðurlands og Lífeyrissjóði Austurlands, þ.e. hjá lífeyrissjóðum almenns verkafólks og sjómanna, en minnst hjá lífeyrissjóðum iðnaðar- og skrifstofufólks, en þar er örorkubyrðin minnst hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna og Sameinaða lífeyrissjóðnum. Þá er örorkubyrðin mun minni hjá lífeyrissjóðum langskólagengins fólks, eins og t.d. hjá læknum og verkfræðingum, en þar var hún um 7% af heildarlífeyri árið 2002.

Nefndin kannaði einnig orsök orkutaps hjá lífeyrissjóðunum. Niðurstaðan er sambærileg og hjá Tryggingastofnun ríkisins. Helsta ástæða orkutaps eru ýmsar stoðkerfis- og geðraskanir eða um og yfir helmingur þeirra sjúkdóma, sem valda orkutapi sjóðfélaga, sbr. meðfylgjandi tafla yfir helstu ástæður orkutaps hjá sjö lífeyrissjóðum á almennum vinnumarkaði.

#### **Orsakir örorku hjá lífeyrissjóðum :**

---

Stoðkerfissraskanir	20% til 36% af heild
Geðraskanir	11% til 27% af heild
Hjarta- æða- og lungnasjúkdómar	10% til 18% af heild
Slys	6% til 19% af heild

#### **Ákvæði lífeyrissjóðalaganna um örorkulífeyri:**

Rétt þykir að minna á ákvæði laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, en í 15. grein laganna er fjallað um örorkulífeyri. Greinin er á þessa leið:

*“Sjóðfélagi á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins.*

*Örorkulífeyrir skal framreiknaður samkvæmt reglum sem nánar er kveðið á um í samþykktum, enda hafi sjóðfélagi greitt til lífeyrissjóðs í a.m.k. þrjú ár á undanfarandi fjórum árum, þar af a.m.k. sex mánuði á síðasta tólf mánaða tímabili, og ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja má til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.*

*Hafi sjóðfélagi öðlast rétt til framreiknings sem fallið hefur niður vegna tímabundinnar fjarveru af vinnumarkaði vegna vinnu erlendis, náms, leyfis frá störfum, barneigna eða sambærilegra ástæðna skal framreikningsréttur stofnast á*

*nýjan leik eigi síðar en sex mánuðum frá því að hann hefur aftur störf og greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs.*

*Eigi sjóðfélagi ekki rétt á framreikningi skal fjárhæð örorkulífeyris miðast við áunnin réttindi.*

*Heimilt er að ákveða að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Sama gildir ef orkutap hefur varað skemur en sex mánuði.*

*Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.”*

Ljóst er að með lagasetningunni um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða voru settar almennar reglur um örorkulífeyri með hliðsjón af þeim reglum sem gilda almennt hjá lífeyrissjóðunum. Sjóðfélagi sem fullnægir þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 1. mgr. 15. gr. á ávallt rétt á örorkulífeyri miðað við áunnin réttindi. Hann getur hins vegar átt rétt á framreikningi, ef hann fullnægir þeim skilyrðum sem sett eru í 2. mgr. og eftir atvikum 3. mgr. Lífeyrir miðast þá ekki eingöngu við áunninn rétt heldur tekur einnig mið af þeim rétti sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til ellilífeyrisaldurs. Samkvæmt 5. mgr. er lífeyrissjóðum heimilt að hafa í samþykktum sínum ákvæði um biðtíma þannig að örorkulífeyrir greiðist ekki fyrst eftir orkutapið eða ef það varir í skamman tíma.

Í samþykktum lífeyrissjóða er að finna ítarlegri reglur um örorkulífeyri, aðallega um framreikningsreglur, svo og hvort eigi að miða örorku sjóðfélagsins við vanhæfi til að gegna því starfi sem sjóðfélagi gegndi, þegar hann varð fyrir orkutapi eða hvort miða eigi við vanhæfi til að gegna almennum störfum. Þá er örorkumatið hjá flestum sjóðum fyrstu þrjú árin miðað við það starf sem sjóðfélaginn gegndi við orkuptapið en eftir það við störf almennt. Í samþykktum lífeyrissjóðanna er fjallað nánar um framreikningsreglurnar, framlagningu vottorða og annarra gagna og skyldu til að gangast undir endurhæfingu. Þannig er t.a.m. nokkuð algengt að í samþykktum lífeyrissjóða á almennum vinnumarkaði sé ákvæði sem er á þá leið að heimilt sé að fengnu áliti trúnaðarlæknis að setja það



skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt getur heilsufar hans og að endurmat á orkutapi skuli fara fram að lokinni endurhæfingu.

### **Helstu niðurstöður nefndarinnar:**

Niðurstöðurnar byggjast á ítarlegum umræðum og skoðanaskiptum í nefndinni, m.a. með þeim aðilum, sem kallaðir voru á fundi nefndarinnar og einnig á því hópstarfi, sem fram fór á ráðstefnu LL um örorkumálin þann 25. nóvember sl. Verkefni nefndarinnar var m.a. að leita leiða til lausnar á því vandamáli að hlutfall örorkulífeyrisgreiðslna er mismunandi milli lífeyrissjóða. Ræddar voru eftirtaldar leiðir í því sambandi :

- a. Tilfærsla örorkulífeyris frá lífeyrissjóðunum til Tryggingastofnunar ríkisins, sem tæki að sér að úrskurða og greiða örorkulífeyri.
- b. Lífeyrissjóðirnir sæju um úrskurð og bótagreiðslur örorkulífeyris, eins og nú væri gert, en stjórnvöld legðu til fjármagn til að jafna mismunandi þunga örorkulífeyrisbyrði sjóðanna.
- c. Stofnun sérstakrar tryggingareiningar lífeyrissjóðanna, sem tæki að sér að jafna örorkubyrði sjóðanna.
- d. Að auka iðgjöld til þeirra lífeyrissjóða sem eru með mjög háa örorkulífeyrisbyrði. Slík iðgjöld væru þá eingöngu hugsuð til að létta á örorkulífeyrisgreiðslum viðkomandi sjóða, en sköpuðu ekki viðbótarlífeyrisréttindi fyrir sjóðfélaga.

Niðurstaða nefndarinnar var sú að erfitt gæti reynst að ná samstöðu hjá sjóðunum, hagsmunasamtökum aðila vinnumarkaðarins og stjórnvöldum um ofangreindar leiðir og því ákvað nefndin að fjalla frekar almennt um viðfangsefnið og þá með það í huga að leita leiða og úrræða til þess að minnka örorkulífeyrisbyrði sjóðanna.

Nefndin vill taka fram að engin ein auðveld lausn er á vaxandi örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna, heldur er viðfangsefnið margslungið og flókið og leita þarf margra leiða til úrlausnar vandamálinu. Markast niðurstöður nefndarinnar af þessari skoðun.

1. Nefndin telur mjög mikilvægt að endurskipuleggja og styrkja starfsendurhæfingu hér á landi, m.a. með því að auka framboð á henni og hafa sveigjanlegt skipulag sem bregst fljótt við breytingum á vinnumarkaði. Lífeyrissjóðirnir þurfa að koma að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegs starfsendurhæfingarkerfis með miðstöð starfsendurhæfingar, þar sem unnt verði að meta endurhæfingarþörf eða vinnufærni og vísa í endurhæfingarúrræði þegar við á. Kanna þarf sérstaklega hvort slík fjármögnun sé heimil samkvæmt núgildandi lífeyrissjóðalögum og ef svo er ekki að beita sér fyrir því að slík heimild fáiast með lagabreytingu. Fjármögnun skilvirkar starfsendurhæfingar lækkar örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna og er því góður fjárfestingakostur fyrir þá.
2. Stjórnvöld, sveitarfélög og frjáls félagasamtök þurfa að auka og efla forvarnir eftir því sem tók eru á enda sé slíkt talið þjóðhagslega hagkvæmt til að minnka líkur á sjúkdómum síðar á starfsævinni. Efla þarf vinnuvernd og slysavarnir.
3. Mjög mikilvægt er að auka samstarf við sjúkrasjóði stéttarfélaganna og grípa þannig nógu snemma inn í endurhæfingarferil sjóðfélagans. Því fyrir sem gripið er til skilvirkra úrræða þeim mun meiri líkur eru á því að sjóðfélaginn geti hafið launaða vinnu á ný. Koma þarf á samstarfi lífeyrissjóða og sjúkrasjóða stærstu stéttarfélaganna.
4. Vinna þarf að skilvirkari og vandaðri vinnubrögðum við undirbúning örorkulífeyrisúrskurða, en nokkur brögð hafa verið að því að úrskurðir hafa verið ótraustir vegna ófullnægjandi upplýsinga. Starfsnefndin fagnar þeim rammasamningi sem Landssamtök lífeyrissjóða hafa gert við hóp lækna varðandi mat á orkutapi og telur að samningurinn hafi leitt af sér vandaðri vinnubrögð.

5. Athuga þarf hvort breyta þurfi lífeyrissjóðalögum nr. 129/1997, þannig að heimilt sé að hafna greiðslu örorkulífeyris, ef orkutap hefur varað skemur en í eitt ár. Jafnframt og samhliða þurfa stjórnvöld að hækka sjúkradagpeninga almannatrygginga.
6. Að mati nefndarinnar þarf að draga úr langtímaatvinnuleysi, m.a. með því að styrkja starfsendurmenntun og atvinnumiðlanir.
7. Heimilt verði að draga skaðabætur fyrir örorku af völdum slysa frá örorkulífeyri sjóðanna. Til þess þarf breytingu á skaðabótalögum.
8. Huga þarf að breytingum í samþykktum eða lögum lífeyrissjóða varðandi framreikningsreglur vegna örorkulífeyris með það í huga að þrengja reglurnar. Ákvæði 4. gr. lífeyrissjóðalaganna um lágmarkstryggingarvernd geta þó sett skorður varðandi mismunandi réttindi til elli- eða örorkulífeyris. Það atriði þarf að skoða sérstaklega.
9. Skoða þarf hvort um sé að ræða vanmat varðandi tryggingafræðilega athugun á örorkulífeyrisbyrði lífeyrissjóðanna, en almennt er stuðst við danskar örorkulíkur með allt að 30% lækkun. Nauðsynlegt er að Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga vinni upp íslenskan staðal með örorku- og endurhæfingarlíkum.

Nefndin leggur til við stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða að hafin verði samvinna við hagsmunaaðila og stjórnvöld til að hrinda þessum tillögum í framkvæmd.

Reykjavík, 3. febrúar 2004.

Í starfsnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða um örorkumál

---

Arnar Sigurmundsson, formaður  
(sign)

---

Haukur Hafsteinsson  
(sign)

---

Árni Guðmundsson  
(sign)

---

Þórunn Sveinbjörnsdóttir  
(sign)